

í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins. **5**
27 jan.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Staðfesting konungs á viðaukaskipulagsskrá fyrir fastasjóð Landsbókasafnsins í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafan- **6**
um fyrir Ísland. 27. nóv.
(1902)

Skipulagsskráin er þannig:

Viðauka skipulagsskrá
fyrir fastasjóð Landbókasafnsins í Reykjavík.

1.

Eign sjóðsins má framvegis ávaxta á sama hátt, sem fjármuni ómynd-
ugra og eptir þeim reglum, sem gilda um ávöxtun slíkra fjármuna.

2.

Við sjóðinn skal árlega leggja 100 kr.

Stjórn Landsbókasafnsins í Reykjavík, 16. júlí 1902.

Pálmi Pálsson. Eiríkur Briem. Björn Jensson. Þórh. Bjarnarson.
Guðm. Magnússon. Kristján Jónsson. Jón Þorðelsson.